

Nefndarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 31. maí 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga, þingskjal 808 – 569 mál, um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

I) Inngangur


Samtök leikjaframleiðenda, IGI, (hér eftir „samtökin“ eða „IGI“), sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, fagna frumvarpi um framlengingu á tímabundinni hækkun á hlutfalli endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði sem ráðist var í vegna rekstraráranna 2020 og 2021. Hækkunin fyrir þessi ár hefur gengt lykilhlutverki í að bæta starfsskilyrði íslenskra leikjafyrirtækja sem leiddi til þess að starfsmönnum hjá þeim fjölgaði verulega auk þess sem fjárfesting í þeim hefur aukist umtalsvert. Samtökin leggja þó til að hlutfall og þak vegna endurgreiðslukostnaðar verði haldið í sama horfi og undanfarin tvö ár, í það minnsta á meðan verið er að leggja mat á áhrif aðgerðanna.

II) Áhrif tímabundinna nýsköpunaraðgerða stjórnvalda 2020 og 2021

Sem fyrr segir höfðu hækkun á þaki og hlutfalli endurgreiðslna vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar mikil og jákvæð áhrif á íslenskan tölvuleikjaiðnað. Starfsmönnum fjölgaði og fjárfest var í metfjölda íslenskra leikjafyrirtækja.

Í árslok 2022 má búast við því að um 500 manns verði starfandi hér á landi í tölvuleikjaþróun og með samsvarandi hraða á fjölgun starfsmanna og verið hefur síðustu misseri gætu þeir verið orðnir um 900 árið 2026. Hér að aftan má sjá súlurit um fjölgun starfsmanna í tölvuleikjaþróun á Íslandi.


Fjöldi starfsmanna leikjafyrirtækja á Íslandi



Eins og sjá má á súluritinu hér að ofan hefur starfsmönnum fjölgað úr 331 á miðju ári 2020 í 446 í apríl 2022 og miðað við rekstraráætlanir er gert ráð fyrir að starfsmenn í greininni verði orðnir um 500 í árslok 2022.

Hækkun á endurgreiðsluhlutfallinu hefur einnig auðveldað minni leikjafyrirtækjum að ná í nýtt fjármagn. Fjárfestar líta til staðsetningar og stuðningsumhverfis þegar tekin er ákvörðun um fjárfestingu og fundu félagsmenn IGI fyrir auknum vilja til fjárfestinga eftir hækkun á endurgreiðsluhlutfalli og þaki. Þetta má glögglega sjá á neðangreindu súluriti.

Fjárfesting í minni leikjafyrirtækjum Í milljónum USD



Eins og sjá má hér að framan nam fjárfesting í minni leikjafyrirtækjum USD 3 milljónum árið 2019 en árinu 2020 var hún USD 13 milljónir sem er um 400% vöxtur og síðan hækkaði hún upp í USD 48 milljónir fyrir árið 2021 eða um 260% hækkun. Af fjárfestingu ársins 2021 kom um 20% frá íslenskum fjárfestum og um 80% frá erlendum fjárfestum. Mikilvægur þáttur í velgengni íslenskra fyrirtækja við að fá sterka erlenda fjárfesta að borðinu var að geta vísað í einbeittan vilja íslenskra stjórnvalda að styðja við uppbyggingu tækniönaðar hér á landi sem sýndur var með hækkun hlutfalls endurgreiðslu vegna R&D upp í allt að 35%. Þessi hækkun skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands í tölvuleikjapróun og þekkingariðnaði almennt en gott stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun er grundvallarforsenda fyrir því að íslensk leikjafyrirtæki hafi möguleika á að laða að sterka alþjóðlega fjárfesta. Ríki um heim allan keppast við að laða til sín leikjafyrirtæki með öflugum stuðningsaðgerðum en leikjaiðnaður býður upp á fjölbreytt, vel launuð, skapandi störf, iðnaðurinn hefur mikla vaxtamöguleika auk þess sem starfsemin gengur ekki á takmarkaðar auðlindir. Það er því mikilvægt að halda núverandi stuðningsaðgerðum áfram og tryggja þannig áframhaldandi samkeppnishæfni Íslands. Þar að auki líta erlendir fjárfestar til stöðugleika og fyrirsjáanaleika í umhverfi vaxtafyrirtækja þegar þeir taka ákvarðanir um fjárfestingu.

Markvissar stjórnvaldsaðgerðir varðandi uppbyggingu á hugverkaiðnaði virka. Í því sambandi er m.a. hægt að líta til Ísraels en þarlend stjórnvöld byrjuðu á níunda áratugnum að beita langtímastefnumótun og hvötum til að efla sinn tækniönað. Árangurinn hefur verið undraverður

en á árinu 2021 voru öll met slegin hjá þeim hvað varðar vöxt og viðgang þarlands tækniiðnaðar. Má t.d. nefna að á árinu 2021 fór útflutningur á upplýsingaöryggishugbúnaði (e. *cyber security*) upp í USD 35 milljarða og nam hann um 24% af öllum útflutningi landsins það árið en hlutfallið var 12% árið 2015. Auk þess má nefna að ísraelskum tæknifyrirtækjum sem verðmetinn eru á meira USD 1 milljarð (e. *unicorn*) fjölgaði um 35 á árinu 2021 en samsvarandi fjölgun vegna ársins 2020 var 16 og níu á árinu 2019.

Heilstæðar áætlanir og þolinmæði stjórnvalda gegndu lykilatriði í árangri Ísraelsmanna þar sem þarlend stjórnvöld gerðu sér grein fyrir að það tekur tíma að koma saman kríttiskum kjarna þekkingar, fjármagns, mannauðs og tengslanets sem síðan í framhaldi leiðir til sjálfspróttins vaxtar.

III) Breytingartillaga á endurgreiðsluhlutfalli

Fyrir minni leikjafyrirtæki skiptir miklu máli hvort hlutfall endurgreiðslu á rannsókn- og þróunarkostnaði er 30% eða 35%. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var berum orðum tekið fram að endurgreiðslur vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar yrðu framlengdar og að tímabundin hækkun endurgreiðsluhlutfalls yrði gerð varanleg. Áætlanir leikjafyrirtækja tóku mið af þessari stefnu og það þarf varla að fara mörgum orðum um hversu mikils virði hver króna er í áætlanagerð hjá litlu fyrirtæki á fyrstu stigum vaxtar.

IGI biðla því til efnahags- og viðskiptanefndar að hún haldi prósentu endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði við 35% fyrir minni fyrirtæki.


Hér er lagt til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki:

Í stað „30“ í b. lið. 1. gr. kemur: „35“.

IV) Lokaorð

Hvatarnir sem settir voru með lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki árið 2009 hafa í kjölfar þess að endurgreiðsluhlutfall og þak var hækkað, fyrst árið 2018 og svo aftur árið 2020, nú skilað árangri, samanber vöxt hugverkaiðnaðar heilt yfir og vöxt í tölvuleikjaiðnaði sem er hluti hugverkaiðnaðar. Núna er því ekki rétti tíminn til að stíga á bremsuna í uppbyggingunni.

Með þolinmæði og áframhaldandi stuðningi er hægt að stækka tölvuleikjaiðnað hér á landi enn frekar og skapa þannig miklar skatttekjur, útflutningstekjur og verðmæt háframleiðni- og hálaunastörf.



Þorgeir Óðinsson, formaður stjórnar IGI

Fjárfesting í tækni er gjöfin sem heldur áfram að gefa